

# Rituximab

## Lyfjagjöf vegna gigtarsjúkdóms

Rituximab er líftæknilyf sem í gigtarsjúkdómum er notað sem meðferð við iktsýki, æðabólgu og ýmsum bandvefssjúkdómum.

### Hvernig virkar Rituximab?

Lyfið er ónæmisbælandi og virkar á svokallaðar B frumur í ónæmiskerfinu. Lyfið getur haldið ofangreindum sjúkdómum niðri og dregið úr einkennum svo sem stíðleika, bólgu og eymslum í liðum. Einnig virkar það á bólgu í ýmsum líffærakerfum.

Misjafnt er hversu fljótt lyfið byrjar að virka. Sumir finna mun eftir nokkrar vikur en algengara er að áhrifa lyfsins verði fyrst vart eftir nokkra mánuði. Ef vel gengur má reikna með að meðferðinni verði haldið áfram til lengri tíma.

### Undirbúningur fyrir meðferðina

Áður en meðferðin getur hafist þarf ákveðinn undirbúning:

- Blóðsýni
- Lungamynd
- Berklapróf
- Yfirfara bólusetningar

Rannsóknirnar eru gerðar til að útiloka duldar sýkingar eins og til dæmis berkla eða lifrarsjúkdóma þar sem þessir sjúkdómar geta versnað eða vaknað upp við meðferðina.

### Tímabókanir

Ritari hefur samband til að bóka fyrstu tímana en síðan er nýr tími bókaður við hverja komu. Mikilvægt er að láta vita tímanlega ef þú getur ekki notað bókaðan tíma.

Ekki mæta í meðferð meðan á veikindum eða sýklalyfjagjöf stendur. Hafðu þá samband við deildina til að fá nýjan tíma.

### Undirbúningur fyrir lyfjagjöf

Mælt er með að hafa borðað og vera búinn að taka inn hefðbundin lyf, áður en komið er í lyfjagjöfina. Einnig er gott að hafa með sér smá nesti og teppi.

### Hvernig fer meðferðin fram?

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma á Eiríksgötu 5, á fyrstu hæð.

Rituximab er gefið sem innrennsli í æð. Tíðni gjafa fer eftir hversu virkur sjúkdómurinn er, en algengt er að lyfið sé gefið á um sex mánaða fresti. Hver lyfjagjöf felur í sér tvö innrennsli með 14 daga millibili. Ein lota er tvær lyfjagjafir á 14 dögum. Hjá sumum er þó lotan bara ein lyfjagjöf.

Lyfið getur valdið ofnæmisviðbrögðum og því eru gefin verkja- og ofnæmislyf, í æð um hálf tíma áður en lyfið er gefið. Ráðlagt er að drekka vel af vökva meðan á lyfjagjöfinni stendur.

Hraði lyfjagjafar fer eftir styrk lyfsins og hvort verið er að gefa það í fyrra eða seinna skipti í lotu. Búast má við að fyrri gjöf í lotunni taki 5-6 klukkustundir. Ef ekki verður vart við ofnæmiseinkenni er lyfið gefið hraðar í seinna skipti lotunnar eða á um það bil fjórum klukkustundum. Ef allt gengur vel er óhætt að fara heim að lokinni lyfjagjöf.

Hjúkrunarfræðingur og sjúkraliði fylgjast með líðan þinni á meðan á lyfjagjöf stendur og mæla blóðþrýsting og púls til að tryggja öryggi þitt.

## Aukaverkanir

Meðan á gjöf lyfsins stendur er mögulegt að aukaverkanir komi fram. Helstu aukaverkanir koma fram í töflu að neðan. Þær eru í flestum tilfellum vægar og oftast verður vart við þær í fyrsta innrennsli. Ef aukaverkanir koma fram getur þurft að hægja á eða stöðva gjöf lyfsins.

Aukaverkanir sem geta komið fram meðan á gjöf Rituximab stendur eða á næstu klukkustundum eftir gjöf	
Vægar aukaverkanir	Alvarlegri aukaverkanir
<p>Stundum koma fram einkenni sem líkjast flensu svo sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Hiti</li> <li>Kuldahrollur</li> <li>Höfuðverkur</li> <li>Vöðvaverkir</li> </ul> <p>Einnig geta komið fram einkenni eins og þreyta, ógleði og lækkun á blóðþrýstingi</p>	<p>Sjaldgæft er að fram komi einkenni svo sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ofnæmisviðbrögð</li> <li>Öndunarerfiðleikar</li> <li>Mikil lækkun blóðþrýstings</li> </ul>

## Eftir gjöf

Lyfið hefur áhrif á myndun hvítra blóðkorna. Slíkt getur haft í för með sér aukna hættu á sýkingum svo sem í öndunar- og þvagfærum. Þá geta komið fram sár í munni eða á húð. Örfá tilfelli heilabólgu hafa komið fram í heiminum eftir gjöf rituximab. Fyrstu einkennum heilabólgu geta verið truflun á sjón og jafnvægi, erfiðleikar við gang og rugl. Ef grunur er um sýkingu þarf alltaf að leita læknis.

### Ofnæmisviðbrögð

Alvarleg ofnæmisviðbrögð eru mjög sjaldgæf ef þú færð eitt af eftirfarandi einkennum skaltu leita læknishjálpar tafarlaust.

- Öndunar- eða kyngingarerfiðleikar
- Þroti í andliti, tungu, vörum eða hálsi
- Lágur blóðþrýstingur sem getur valið sundli eða svima
- Verulegur kláði í húð ásamt rauðum útbrotum

**Í neyðartilfellum er hringt í 112**

Þeim sem fá meðferð með rituximab getur verið hættara við að fá krabbamein í húð. Þeir eru því hvattir til þess að forðast beint sólarljós og nota góða sólarvörn utandyra.

### Til athugunar

Mikilvægt er að fylgja þeirri skimun sem almennt er mælt með svo sem myndatöku af brjóstum, leghálsstroki, ristilspeglun og reglulegri blettaskoðun hjá húðlækni.

Í fylgiseðli lyfsins og í sérlyfjaskrá eru yfirgripsmiklar upplýsingar um þær aukaverkanir sem hafa verið skráðar um lyfið.

## Eftirlit

Taka þarf blóðsýni reglulega samkvæmt fyrirmælum lækna göngudeildarinnar meðan á meðferð stendur til að fylgjast með aukaverkunum og áhrifum á lifur og nýru. Nauðsynlegt er að mæta reglubundið í eftirlit hjá þeim lækni sem sér um lyfjameðferðina en hann ákveður tíðni heimsóknna.

## Eftirfylgd

Mikilvægt er að eiga ávallt bókaðan tíma hjá þínum gigtarlækni til að hægt sé að meta árangur og öryggi lyfjagjafarinnar. Lyfið er leyfis skylt og gigtlæknirinn þarf að sækja reglulega um leyfi fyrir meðferðinni til lyfjanefndar, yfirleitt fyrst eftir sex mánuði og svo árlega.

## Akstur

Rituximab hefur ekki áhrif á hæfni til aksturs.

## Skurðaðgerðir

Mikilvægt er að láta gigtarlækni eða hjúkrunarfræðing á göngudeild vita ef fyrirhuguð er skurðaðgerð eða inngrip hjá tannlækni. Einnig við húðflúr og speglanir.

Ef mögulegt er, ætti að draga skurðaðgerðir eins lengi og hægt er eftir síðustu gjöf rituximab. Það getur þurft að gera hlé á meðferðinni þar til skurðsár er gróið, saumar hafa verið fjarlægðir og engin merki eru um sýkingu. Eftir það heldur meðferðin áfram eins og frá var horfið.

### Til athugunar

Segðu frá því að þú sért á meðferð með Rituximab við komu til lækna, tannlækna, á bráðamóttöku eða við innlögn á sjúkrahús.

## Bólusetningar

Ráðlagt er að allir sem eru á Rituximab meðferð fari árlega í bólusetningu vegna influensu og fái bólusetningu við lungnabólgu áður en meðferð er hafin, en í samráði við gigtarlækni.

Mælt er með að bóluefni séu gefin að minnsta kosti þremur mánuðum eftir síðustu Rituximab lyfjagjöf eða eigi síðar en tveimur vikum fyrir næstu Rituximab gjöf, þar sem lyfið getur dregið úr virkni bóluefna.

Þeir sem eru á líftæknilyfjum mega ekki fá ákveðnar tegundir bóluefna, svokölluð lifandi bóluefni. Hægt er að fá upplýsingar um tegundir bóluefnis hjá lækni eða hjúkrunarfræðingi á göngudeildinni eða á heilsugæslu.

Ráðleggingar embættis landlæknis um COVID bólusetningar eru á vefnum [island.is](https://island.is):

[Bólusetning gegn COVID-19 | Ísland.is \(island.is\)](https://island.is)

## Rituximab og önnur lyf

Óhætt er að taka methotrexate með rituximab. Ekki ætti að hefja töku nýrra lyfja án samráðs við lækni. Óhætt er að taka verkjalyf eins og ibuprofen og paracetamol þrátt fyrir meðferðina.

## Meðganga og brjóstgjöf

Meðferð með rituximab er ekki ráðlögð á meðgöngu eða með brjóstgjöf. Mikilvægt er að nota getnaðarvarnir og forðast þungun meðan á meðferð stendur. Ráðlagt er að ræða fyrirhugaðar barneignir við gigtarlækni.

## Ferðalög

Þegar ferðast er erlendis er ráðlagt að hafa meðferðis evrópska sjúkratryggingakortið. Sótt er um það á [sjukra.is](https://sjukra.is).

## Frekari spurningar

Ef þú ert í einhverjum vafa eða vantar frekari upplýsingar er velkomid að hafa samband við hjúkrunarfræðing á göngudeildinni eða leggja skilaboð fyrir gigtarlækni.

### Hafðu samband við göngudeild eða heilsugæslustöð ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Breyting á þvaglátum svo sem ef þau eru tíð, sárt er að pissa eða þvagið er gruggugt og illa lyktandi.
- Hósti, uppgangur eða þyngsli fyrir brjósti.
- Líkamshiti er hærra en 38,2°C.
- Breytingar verða á fæðingablettum á húð eða nýir koma fram.
- Roði, verkir og bólga í húð.
- Versnandi þunglyndi og/eða kvíði
- Versnun á minni, getu til tals eða gangs

Í neyðartilfellum er hringt í 112

## Símanúmer

Göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma er opin virka daga klukkan 08:00-15:00.

Skriptiborð Landspítala gefur samband við deildina, sími 543 1000.

## Gagnlegar upplýsingar og vefsíða

Upplýsingar um aukaverkanir og virkni lyfsins er að finna á fylgiseðli þess.

Upplýsingar á vef dönsku gigtarsamtakana <https://danskreumatologi.dk/laegemidler/>